

# PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

Efni sjöunda pistils:

- Göngu– og hjólastígur
- Skráning ljósmynda
- Sameining sveitarfélaga
- Vinnuskóli 2021
- Öskudagur
- Önnur mál og fundir nefnda

## Göngu– og hjólastígur

Hér verður farið yfir helstu verkefni sem verið er að vinna að þessa dagana á skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps.



Verið er að vinna að hönnun göngu– og hjólastígs í samvinnu við Norðurorku og Vegagerð. Svalbarðsstrandarhreppur heldur utanum þessa vinnu en eins og fram hefur komið er unnið að uppbyggingu baðstaðar í landi Ytri Varðgjár og kallar sú vinna á flutning vatns frá Vaðlaheiðargöngum að baðstað. Áætlað er að leggja göngu– og hjólastíg ofan á leiðslur Norðurorku. Þessa dagana er verið að

ákveða hvar stígurinn kemur til með að liggja, ganga frá forhönnun og kostnaðaráætlun og tryggja fjármögnun. Í framhaldinu verður svo hafist handa við fullnaðarhönnun og lega stígs norðan við Vaðlaheiðargöng og að Svalbarðseyri ákveðin. Vonandi verðum við komin með göngu– og hjólastíg að Svalbarðseyri innan fárra ára en þessi fyrsti hluti milli Vaðlaheiðarganga og Akureyrar verður vonandi kominn í gagnið innan tveggja ára. Orðið “vonandi” kemur ansi oft fyrir hér að framan en það lýsir vel hvar verkið er stalt þar sem verið er að vinna að sama hlut á mörgum stöðum, hver og einn aðili þarf að fjármagna sinn hlut, hanna og áætla og loks framkvæma. Þessu fylgja mikil fundahöld, skýrsla um greiningu staðhátta og val á stígalegu hefur verið unnin með hliðsjón af legu stígs austan við Þjóðveginn og áður hefur verið unnin sambærileg skýrsla um kosti og galla legu stígs vestan við Þjóðveginn.

## Skráning ljósmynda

Mikill fjöldi ljósmynda er til í Valsárskóla, Álfaborg og á skrifstofu sveitarfélagsins sem safnast hafa í áranna rás. Viðbúið er að mikill fjöldi ljósmynda leynist í heimahúsum sem varpað geta ljósi á samfélag fyrri tíma og umhverfi. Mikilvægt er að halda utan um upplýsingar tengdar ljósmyndum, heimildir til notkunar/birtingar, hverjir það eru sem eru á myndunum, frá hvaða tíma og tilefni ef þannig er. Nú er hafið áttak hér á skrifstofunni við skráningu mynda en í fyrri var farið í áttak vegna skráningar teikninga, skönnun og þær birtar á map.is þar sem þær eru íbúum aðgengilegar. Til þess að skrá myndirnar er stuðst við skráningakerfið FotoWare og allt utanumhald með þessum menningarverðmætum okkar verður auðveldara með aðstoð gagnagrunnsins. Á næstu vikum verður auglýst eftir gömlum ljósmyndum frá íbúum Svalbarðsstrandarhrepps og vonandi fáum við gott yfirlit yfir þær ljósmyndir sem við eigum og getum varðveitt. Á síðu Reykjavíkurborgar: [Myndatorg](http://Myndatorg) má sjá hvernig ljósmyndir eru skráðar og utan um þær haldið einnig er forvitnilegt að heimsækja heimasíðu Ljósmyndasafns Reykjavíkur, Þjóðminjasafnsins og Minjasafnsins á Akureyri. Við gleymum því stundum að ljósmyndir dagsins í dag verða gamlar áður en við vitum af og þá er gott að skrá hverjir tóku, af hverjum myndirnar eru, hvernig heimilt sé að nýta þær o.s.frv.

Veður hefur verið fallett síðustu vikur þó árstíðin minni reglulega á sig inn á milli. Hér fyrir utan gluggann eru vorlaukarnir að keppast við að vera tilbúnir fyrir vorið og vonandi fá þeir að halda vextinum áfram áfallalaust næstu vikur og mánuði.



# PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

Efni sjöunda pistils:

- Göngu- og hjólastígur
- Skráning ljósmynda
- Sameining sveitarfélaga
- Vinnuskóli 2021
- Öskudagur
- Önnur mál og fundir nefnda

## Sameining sveitarfélaga

Svalbarðsstrandarhreppur fékk styrk frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þess að halda áfram þeirri vinnu sem hófst á síðasta ári með samtali við nágretta okkar í Eyjafjarðarsveit og fyrirhuguðum heimsóknum til nágretta okkar í Hörgársveit og Grýtubakkahreppi. Styrkurinn er til valkostagreiningar þar sem leitast er við að draga fram mynd af mögulegri framtíð, skilgreina þær aðgerðir sem þarf að grípa til og hvaða kosti og galla mismunandi framtíðarmyndir kunna að hafa. Sveitarstjórn hefur hug á að heimsækja Hörgársveit og Grýtubakkahrepp um leið og færi gefst á en meðfram þeim er unnið að valkostagreiningunni.

Ráðgjafafyrirtækið RR ráðgjöf heldur utanum valkostagreininguna en þar eru reyndir menn við stjórnvölinn, Róbert Ragnarsson og Jón Hrói Finnsson. Báðir hafa reynslu af því að vinna með sveitarfélögum í skoðun og undirbúningi framkvæmd sameininga og eru öllum hnútum kunnugir í sveitarstjórnarmálum. Með haustinu ætti að komast mynd á valkostagreininguna. Íbúafundur var haldinn í febrúar 2020 sem markaði upphafið að þessari vinnu og samráð við íbúa verður áfram mikilvægt í þeirri vinnu sem framundan er.

## Vinnuskóli 2021

Gengið hefur verið frá ráðningu flokksstjóra fyrir sumarið 2021 og verða þær Katla Björg Dagbjartsdóttir og Fríða Kristín Jónsdóttir flokksstjórar. Þær stóllur voru flokksstjórar hjá okkur sumarið 2020. Á næstu dögum verður auglýst eftir starfsmönnum Vinnuskólans og miðað við dugnaðinn í krökkunum síðasta sumar eigum við von á góðum hópi duglegra krakka til að sjá um opin svæði í sveitarfélaginu. Leyfisbréf, vinnutíma og upplýsingar um laun verður að finna á heimasíðu sveitarfélagsins þegar nær dregur.

## Öskudagur

Nú á tímum COVID-19 var öskudagurinn haldinn með breyttu sniði, eða kannski nýju sniði hér á Svalbarðsströnd. Börnin á Svalbarðsströnd sungu í heimabyggð, lítið var um ferðir til Akureyrar í nammileit og íbúar voru vel undirbúnir undir heimsóknir hinna ýmsu furðuvera. Í lok dags var svo haldin öskudagsball og hæfileikakeppni í Valsárskóla. Vonandi verður áframhald á þessum heimsóknum næstu árin, við hér á skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps vorum vopnuð harðfiski og sleikipinum og skemmtum okkur vel yfir söng og skemmtilegum búningum.



# PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

Efni sjöunda pistils:

- Göngu- og hjólastígur
- Skráning ljósmynda
- Sameining sveitarfélaga
- Vinnuskóli 2021
- Öskudagur
- Önnur mál og fundir nefnda



## Önnur mál og fundir nefnda sveitarfélagsins

Eldri borgarar eru byrjaðir að koma aftur í kaffi á skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps á þriðjudögum klukkan 11:00 og passa uppá allar leiðbeiningar og tilmæli frá Víði. Það er einkar gott að sjá fólkið okkar aftur hittast og spjalla saman yfir kaffibolla.

Fundur var haldinn með fulltrúum kvenfélagsins og Æskunnar þar sem rætt var um viðburði og hátíðarhöld sumarsins auk þess sem skógarreitir félaganna og nýting hans var rædd.

Bókasafnið fékk nýjan liðsmann, hún Inga Árnadóttir hefur tekið við af Önnu Maríu Snorradóttur sem haldið hefur utan um Lestrarfélag Svalbarðsstrandarhrepps undanfarin ár.

Undirritaðir hafa verið samningar við verktaka um byggingu tveggja parhúsa við Bakkatún 18 og 20. Við fyrsta tækifæri verður hafist handa við byggingu húsanna. Sveitarfélagið á þrjár íbúðir í dag, eina við Tjarnartún og tvær við Laugartún. Gert er ráð fyrir að íbúðin við Tjarnartún verði seld á árinu, ein var seld í síðustu viku og gert er ráð fyrir að önnur íbúðin við Laugartún verði sett á sölu með vorinu. Húsin við Bakkatún 18 og 20 verða sett á sölu á næstu vikum.

Stytting vinnuvikunnar tók gildi nú um áramótin og er reynslutími út mars. Eftir það verður staðan tekið og athugað hvernig þetta fyrirkomulag hefur komið út fyrir starfsmenn og starfsemina. Mikið er um fundi með launafulltrúum sveitarfélaga þar sem farið er yfir fyrirkomulag og reynslu af þessari breytingu.

Verið er að vinna að lausnum vegna loftræstingar í Valsárskóla og Álfaborg. Verkfræðifyrirtækið Efla er sveitarfélaginu til ráðgjafar. Upphaflega var horft til lausnar sem verið hefur til reynslu í Oddeyrarskóla á Akureyri en miðað við þá reynslu sem fengist hefur af staðbundnu kerfi eins og rekið er í Oddeyrarskóla hefur verið ákveðið að skoða hefðbundnari lausn með tilheyrandi stökum milli rýma. Næstu dagar og vikur fara í að skoða þessar lausnir og finna hvað hentugast er fyrir bæði rými og starfsemi.

Umhverfis- og atvinnumálanefnd fundaði í febrúar og var það síðasti fundur nefndarinnar með fimm nefndarmönnum. Sveitarstjórn hefur samþykkt uppfærðar reglur og samþykktir sveitarfélagsins og þar var ákveðið að fækka fulltrúum í nefndinni. Á fundi nefndarinnar var farið yfir þau fjölmörgu mál sem unnið hefur verið að á þessu kjörtímabili og þau verkefni sem framundan eru. Þá var ákveðið að í stað umhverfis dags yrði efnt til umhverfisviku, dagskrá undirbúin og sett á heimasíðu sveitarfélagsins og send á öll heimili í hreppnum. Umhverfisvikan verður haldin 14.-21. maí og ný umhverfis- og atvinnumálanefnd, sem tekur til starfa í mars, mun skipuleggja viðburði og dagskrá vikunnar. Nefndin samþykkti að haldinn verði útiskóli að sumri fyrir nemendur í 1.-6. bekk og yrði skólinn með svipuðu móti og var sumarið 2020.

# PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

Skólanefnd fundaði þar sem farið var yfir skólaárið 2020/2021, helstu verkefni og fyrstu mánuði nýrra skólastjóra í starfi. Starfið hefur gengið vel og í ýmis horn að líta. Auk hefðbundins skólastarfs, sem hefur verið óhefðbundið á tímum COVID, er ytri úttekt á starfi Valsárskóla í vinnslu, verið er að vinna úr athugasemdum frá Vinnueftirliti og vinna hugmyndir um þá sérstöðu sem skólarnir geta markað sér í daglegu starfi. Þá hefur upplýsingakerfi verið tekið í notkun í Álfaborg sem mun auðvelda foreldrum að fylgjast með og eiga þátt í daglegu starfi skólans. Forritið sem notað verður heitir KARELLEN og hægt er að nálgast upplýsingar um kefið á [karellen.is](http://karellen.is)

Hrós eiga foreldrar barna á Svalbarðsströnd skilið fyrir góðar lausnir þegar kom að öskudeginum. Það var gaman af fylgjast með starfi samhents hóps foreldra og hópunum sem lögðu leið sína hús úr húsi hér á Svalbarðseyri og milli bæja sveitarfélagsins, með þoka fulla af gotteríi.

Með kærri kveðju

Björg Erlingsdóttir

